

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.

Frá Stefáni Vagni Stefánssyni.

Breytingar á sundurliðun 2:  
**12 Landbúnaður**

Við **12.10 Stjórnun landbúnaðarmála**

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
a. Rekstrarframlög .....	2.853,1	200,0	3.053,1
b. <i>Framlag úr ríkissjóði</i> .....	20.583,2	200,0	20.783,2

Greinargerð.

Gerð er tillaga um að 100 m.kr. verði ráðstafað til matvælaráðuneytisins til sérstakra aðgerða í landbúnaði. Fjármununum verði ráðstafað í verkefni sem stuðla að aukinni rekstrarhagkvæmni í landbúnaði með hliðsjón af áherslum stjórnvalda. Jafnframt verði unnið að heildarstefnumótun fyrir stuðningskerfi landbúnaðar í samráði við bændur með hliðsjón af áherslum landbúnaðarstefnu.

Jafnframt er lagt til að 100 m.kr. verði ráðstafað í almennan stuðning við bændur eftir gildandi búvorusamningum í tengslum við endurskoðun samninga milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands til að mæta þeim veikleikum sem fram hafa komið við framkvæmd þeirra á undanförnum misserum.